

Hrafnkels saga freysgoða

Hrafnkels saga freysgoða

1. kafli

Þat var á dgom Haralds konungs ins hárfagra, Hálfðanarsonar ins svarta, Guðrøðar sonar veiðikonungs, Hálfðanarsonar ins milda ok ins matarilla, Eysteins sonar freys, Óláfssonar trételgu Svíakonungs, at sá maðr kom skipi sínu til Íslands í Breiðdal, er Hallfreðr hét. Þat er fyrir neðan Fljótsdalsherað. Þar var á skipi kona hans ok sonr, er Hrafnkell hét. Hann var fimmtán vetra gamall, mannvænn ok gørviligr.

Hallfreðr setti bú saman. Um vetrinn andaðisk útlend ambátt, er Arnþrúðr hét, ok því heitir þat síðan á Arnþrúðarstöðum.

En um várit frði Hallfreðr bú sitt norðr yfir heiði ok gerðibú þar, sem heitir í Geitdal. Ok eina nótt dreyms hann, at maðr kom at honum ok mælti: 'Þar ligr þú, Hallfreðr, ok heldr óvarliga. Fr þú á brott bú þitt ok vestr yfir Lagarfljót.

Þar er heill þín ll.' Eptir þat vaknar hann ok frir bú sittút yfir Rangá í Tungu, þar sem síðan heitir á Hallfreðarstöðum, ok bjó þar til elli. En honum varð þar eptir geit ok hafr. Okinn sama dag, sem Hallfreðr var í brott, hljóp skriða á húsinn, ok týndusk þar þessir gripir, ok því heitir þat síðan í Geitdal.

2. kafli

Hrafnkell lagði þat í vanða sinn at ríða yfir á heiðar á sumarit.

Þá var Jkulsdalr albyggðr upp at brúm. Hrafnkell reið uppeptir Fljótsdalsheiði ok sá, hvar eyðidalr gekk af Jkulsdal. Sádalr sýndisk Hrafnkati byggiligri en aðrir dalir, þeir sem hann hafði áðr sét. En er Hrafnkell kom heim, beiddi hann fðursinn fjárskiptis, ok sagðisk hann bústað vilja reisa sér. Þettaveitir faðir hans honum, ok hann gerir sér b í dal þeim okkallar á Aðalbóli. Hrafnkell fekk Oddbjargar Skjldólfsdótturór Laxárdal. Þau áttu tvá sonu. Hét inn ellri Þórir, en innyngri Asbjrn.

En þá er Hrafnkell hafði land numit á Aðalbóli, þá eflði hannblót mikil. Hrafnkell lét gera hof mikit. Hrafnkell elskaði eigiannat goð meir en Frey, ok honum gaf hann alla ina beztu gripisína hálfu við sik. Hrafnkell byggði allan dalinn ok gaf mnumland, en vildi þó vera yfirmaðr þeira ok tók goðorð yfir þeim.

Við þetta var lengt nafn hans ok kallaðr Freysgoði, ok varó jafnaðarmaðr mikill, en mennt vel. Hann þrøngði undir sik Jkulsdalsmnum til þingmanna hans, var linr ok blíðr viðsína menn, en stríðr ok stirðlyndr við Jkulsdalsmenn, okfengu af honum engan jafnað. Hrafnkell stóð mjkk í einvígjumok btti engan mann fé, því at engi fekk af honum neinar btr, hvat sem hann gerði.

Fljótsdalsheiðr er yfirferðarill, grýtt mjkk ok blaut, en þóriðu þeir feðgar jafnan hvárir til annarra, því at gott var ífrændsemi þeira. Hallfreði þótti sú leið torsótt ok leitaði sérleiðar fyrir ofan fell þau, er standa í Fljótsdalsheiði. Fekk hann þar þurrari leið ok lengri, ok heitir þar Hallfreðargata. Þessaleið fara þeir einir, er kunnugastir eru um Fljótsdalsheiði.

3. kafli

Bjarni hét maðr, er bjó at þeim b, er at Laugarhúsum heitir.

Þat er í Hrafnkelsdal. Hann var kvángaðr ok átti tvá sonu viðkonu sinni, ok hét annarr Sámr, en annarr Eyvindr, vænir mennok efniligir. Eyvindr var heima með feðr sínum, en Sámr varkvángaðr ok bjó í norðanverðum dalnum á þeim b, er heitirá Leikskálum, ok átti hann margt fé. Sámr var uppivzlumaðrmikill ok lgknn, en Eyvindr gerðisk farmaðr ok fór útan tilNóregs ok var þar um vetrinn. Þaðan fór hann ok út í lnd oknam staðar í Miklagarði ok fekk þar góðar virðingar afGrikkjakonungi ok var þar um hríð.

Hrafnkell átti þann grip í eigu sinni, er honum þótti betri enannarr. Þat var hestr brúnmóalóttr at lit, er hann kallaðiFreyfaxesinn. Hann gaf Frey, vin sínum, þann hest hálfan.

Á þessum hesti hafði hann svá mikla elsku, at hann strengðiþess heit, at hann skyldi þeim manni at bana verða, sem honumriði án hans vilja.

4. kafli

Þorbjrn hét maðr. Hann var bróðir Bjarna ok bjó á þeim b í Hrafnkelsdal, er á Hóli hét, gegnt Aðalbóli fyrir austan.

Þorbjrn átti fé lítit, en ómegð mikla. Sonr hans hét Einarr,inn elzti. Hann var mikill ok vel mannaðr. Þat var á einuvári, at Þorbjrn mælti til Einars, at hann mundi leita sérvistar nkkurar, -- 'því at ek þarf eigi meira forvirki en þettalið orkar, er hér er, en þér mun verða gott til vista, því at þú ertmannaðr vel. Eigi veldr ástleysi þessari brottkvaðning viðþik, því at þú ert mér þarfastr barna minna. Meira veldr þvíefnaleysi mitt ok fátkð. En nnur brn mín gerask verkmenn.

Mun þér þó verða betra til vista en þeim.

Einarr svarar: 'Of síð hefir þú sagt mér til þessa, því at núhafa allir ráðit sér vistir, þær er beztar eru, en mér þykkir þóillt at hafa órval af.

Einn dag tók Einarr hest sinn ok reið á Aðalból. Hrafnkellsat í stofu. Hann heilsar honum vel ok glaðliga. Einarr leitartil vistar við Hrafnkel.

Hann svaraði: 'Hví leitaðir þú þessa svá síð, því at ekmunda við þér fyrstum tekit hafa? En nú hefi ek ráðit llumhjónum nema til þeirar einnar iðju, er þú munt ekki hafavilja.

Einarr spurði, hver sú væri.

Hrafnkell kvazk eigi mann hafa ráðit til smalaferðar, enlézk mikils við þurfa.

Einarr kvazk eigi hirða, hvat hann ynni, hvárt sem þat væriþetta eða annat, en lézk tveggja missera bjrg hafa vilja.

'Ek geri þér skjótan kost', sagði Hrafnkell. 'Þú skalt rekaheim fimm tigu ásauðar í seli ok viðha heim llum sumarviði.

Þetta skaltu vinna til tveggja missera vistar. En þó vil ek skilja á við þik einn hlut sem aðra smalamenn mína. Freyfaxi gengr dalnum fram með liði sínu. Honum skaltu umsjá veita vetrok sumar. En varnað býð ek þér á einum hlut: Ek vil, at þú komir aldri á bak honum, hversu mikil nauðsyn sem þér er á, því ek hefi hér allmikit um mælt, at þeim manni skylda ek at bana verða, sem honum riði. Honum fylgja tólf hross. Hvert, sem þú vilt af þeim hafa á nótt eða degi, skulu þér til reiðu.

Ger nú sem ek mæli, því at þat er forn orðskviðr, at eigi veldrsá, er varar annan. Nú veiztu, hvat ek hefi um mælt.

Einarr kvað sér eigi mundu svá meingefit at ríða þeim hesti, er honum var bannat, ef þó væri mrg nnur til.

Einarr ferr nú heim eptir klæðum sínum ok flytr heim á Aðalból. Síðan var frt í sel fram í Hrafnkelsdal, þar semheitir á Grjótteigsseli. Einari ferr allvel at um sumarit, sváat aldri verðr sauðvant fram allt til miðsumars, en þá var vantnær þremr tígum ásauðar eina nótt. Leitar Einarr um alla hagaok finnr eigi. Honum var vant nær viku.

Þat var einn morgin, at Einarr gekk út snimma, ok er þalétt af allri sunnanþokunni ok úrinu. Hann tekr staf í hndsér, beizl ok þófa. Gengr hann þá fram yfir ána Grjótteigsá.

Hon fell fyrir framan selit. En þar á eyrunum lá fé þat, erheima hafði verit um kveldit. Hann stökkði því heim at selinu, en ferr at leita hins, er vant var áðr. Hann sér nú stóðhrossinfram á eyrunum ok hugsar at hndla sér hross nkkurt tilreiðar ok þóttisk vita, at hann mundi fljótara yfir bera, ef hannriði heldr en gengi. Ok er hann kom til hrossanna, þá elti hannþau, ok váru þau nú skjrr, er aldri váru vn at ganga undanmanni, nema Freyfaxi einn. Hann var svá kyrr sem hann værigrafinn niðr.

Einarr veit, at líðr morgunninn, ok hyggr, at Hrafnkell mundieigi vita, þótt hann riði hestinum. Nú tekr hann hestinn okslær við beizli, lætr þófa á bak hestinum undir sik ok ríðr upphjá Grjótárgili, svá upp til jkla ok vestr með jklunum, þarsem Jkulsá fellr undir þeim, svá ofan með ánni til Reykjásels.

Hann spurði alla sauðarmenn at seljum, ef nkkurr hefði sétþetta fé, ok kvazk engi sét hafa. Einarr reið Freyfaxa allt fráeldingu ok til miðs aptans. Hestrinn bar hann skjótt yfir okvíða, því at hestrinn var góðr af sér. Einari kom þat í hug, athonum mundi mál heim ok reka þat fyrst heim, sem heima var, þótt hann fyndi hitt eigi. Reið hann þá austr yfir hálsa í Hrafnkelsdal. En er hann kemr ofan at Grjótteigi, heyrir hannsauðarjarm fram með gilinu, þangat sem hann hafði fram riðitáðr. Snýr hann þangat til ok sér renna í móti sér þrjá tiguásauðar, þat sama sem hann vantat hafði áðr viku, ok stökkðihann því heim með fénu.

Hestrinn var vatr allr af sveita, svá at draup ór hverju hárihans, var mjkk leirstokkinn ok móðr mjkk ákafliga. Hannveltisk nkkurum tólf sinnum, ok eptir þat setr hann upp hneggmikit. Síðan tekr hann á mikilli rás ofan eptir gtunurn. Einarrsnýr eptir honum ok vill komask fyrir hestinn ok vildi hndlahann ok fra hann aprt til hrossa, en hann var svá styggr, atEinarr komsk hvergi í nándir honum. Hestrinn hleypr ofaneptir dalnum ok nemr eigi stað, fyrr en hann kemr á Aðalból.

Þá sat Hrafnkell yfir borðum. Ok er hestrinn kemr fyrir dyrr, hneggjaði hann þá hátt. Hrafnkell mælti við eina konu, þásem þjónaði fyrir borðinu, at hon skyldi fara til duranna, þvíat hross hneggjaði, -- 'ok þótti mér líkt vera gnegg Freyfaxa.

Hon gengr fram í dyrrnar ok sér Freyfaxa mjkk ókræsiligan.

Hon sagði Hrafnkeli, at Freyfaxi var fyrir durum úti, mjúkþokkuligr.

'Hvat mun garprinn vilja, er hann er heim kominn?' segir Hrafnkell. 'Eigi mun þat góðu gegna.

Síðan gekk hann út ok sér Freyfaxa ok mælti við hann: 'Illþykkir mér, at þú ert þann veg til grr, fóstri minn, en heimahafðir þú vit þitt, er þú sagðir mér til, ok skal þessa hefntverða. Far þú til liðs þíns.

En hann gekk þegar upp eptir dalnum til stóðs síns.

Hrafnkell ferr í rekkju sína um kveldit ok svaf af um nóttina.

En um morguninn lét hann taka sér hest ok leggja á sðul okriðr upp til sels. Hann ríðr í blám klæðum. Øxi hafði hann íhendí, en ekki fleira vápna. Þá hafði Einarr nýrekit fé í kvíar.

Hann lá á kvíagarðinum ok talði fé, en konur váru at mjólka.

Þau heilsuðu honum.

Hann spurði, hversu þeim fri at.

Einarr svarar: 'Illa hefir mér at farit, því at vant varð þriggjatiga ásauðar nær viku, en nú er fundinn.

Hann kvazk ekki at slíku telja. 'Eða hefir ekki verr at farit? Hefir þat ok ekki svá opt til borit sem ván hefir at verit, atfjárins hafi vant verit. En hefir þú ekki nkkut riðit Freyfaxamínnum hinn fyrra dag?' Hann kvezk eigi þræta þess mega.

Hrafnkell svarar: 'Fyrir hví reiztu þessu hrossi, er þér varbannat, þar er hin váru nóg til, er þér var lofat? Þar munda ekhafa gefit þér upp eina sk, ef ek hefða eigi svá mikit um mælt, en þó hefir þú vel við gengit.

En við þann átrúnað, at ekki verði at þeim mnnum, erheitstrengingar fella á sik, þá hljóp hann af baki til hans okhjó hann banahgg.

Eptir þat ríðr hann heim við svá búit á Aðalból ok segir þessi tíðendi. Síðan lét hann fara annan mann til smala í selit.

En hann lét fra Einar vestr á hallinn frá selinu ok reistivrðu hjá dysinni. Þetta er klluð Einarsvarða, ok er þaðanhaldinn miðr aptann frá selinu.

Þorbjrn spyr yfir á Hól víg Einars, sonar síns. Hann kunniilla tíðendum þessum. Nú tekr hann hest sinn ok ríðr yfir á Aðalból ok beiðir Hrafnkeli bóta fyrir víg sonar síns.

Hann kvazk fleiri menn hafa drepit en þenna einn. 'Er þér þat eigi ókunnigt, at ek vil engan mann fé bta, ok verða menn þat þó svá grt at hafa. En þó læt ek svá sem mér þykki þettaverk mitt í verra lagi víga þeira, er ek hefi unnit. Hefir þú veritnábúi minn langa stund, ok hefir mér líkat vel til þín ok hvárumokkar til annars. Mundi okkr Einari ekki hafa annat smátt tilorðit, ef hann hefði eigi riðit hestinum. En vit munum optþess iðrask, er vit erum of málgir, ok sjaldnar mundum vitþessa iðrask, þó at vit mæltim færa en fleira. Mun ek þat núsýna, at mér þykkir þetta verk mitt verra en nnur þau, er ekhefi unnit. Ek vil birgja bú þitt með málnytu í sumar, enslátrum í haust. Svá vil ek gera við þik hvert misseri, meðanþú vilt búa. Sonu þína ok dtr skulum vit í brott leysa meðminni forsjá ok efla þau svá, at þau mætti fá góða kosti af því.

Ok allt, er þú veizt í mínum hirzlum vera ok þú þarft at hafahéðan af, þá skaltu mér til segja ok eigi fyrir skart sitja héðanaf um þá hluti, sem þú þarft at hafa. Skaltu búa, meðan þérþykkir gaman at, en fara þá hingat, er þér leiðisk. Mun ek þáannask þik til dauðadags. Skulum vit þá vera sáttir. Vil ekþess vænta, at þat mæli fleiri, at sjá maðr sé vel dýrr.

'Ek vil eigi þennan kost', segir Þorbjrn.

'Hvern viltu þá?' segir Hrafnkell.

Þá segir Þorbjrn: 'Ek vil, at vit takim menn til gørðar meðokkr.

Hrafnkell svarar: 'Þá þykkisk þú jafnmennt mér, ok munumvit ekki at því sættask.

Þá reið Þorbjrn í brott ok ofan eptir Hrafnkelsdal. Hannkom til Laugarhúsa ok hittir Bjarna, bróður sinn, ok segirhonum þessi tíðendi, biðr, at hann muni nkkurn hlut í eigaum þessi mál.

Bjarni kvað eigi sitt jafnmenni við at eiga, þar er Hrafnkeller. 'En þó at vér stýrim penningum miklum, þá megum vérekki deila af kappi við Hrafnkel, ok er þat satt, at sá er svinnr,er sik kann. Hefir hann þá marga málaferlum vafit, er meirabein hafa í hendi haft en vér. Sýnisk mér þú vitlítill við hafaorðit, er þú hefir svá góðum kostum neitat. Vil ek mér héréngu af skipta.

Þorbjrn mælti þá mrg herfilig orð til bróður síns ok segirþví síðr dáð í honum sem meira lægi við.

Hann ríðr nú í brott, ok skiljask þeir með lítilli blíðu.

Hann léttir eigi, fyrr en hann kemr ofan til Leikskála, dreprþar á dyrr. Var þar til dura gengit. Þorbjrn biðr Sám útganga. Sámr heilsaðí vel frænda sínum ok bauð honum þarat vera. Þorbjrn tók því llu seint. Sámr sér ógleði á Þorbirniok spyrir tíðenda, en hann sagði víg Einars, sonar síns.

'Þat eru eigi mikil tíðendi', segir Sámr, 'þótt Hrafnkell drepimenn.

Þorbjrn spyrir, ef Sámr vildi nkkura liðveizlu veita sér.

'Er þetta mál þann veg, þótt mér sé nánastr maðrinn, at þó eryðr eigi fjarri hggvit.

'Hefir þú nkkut eptir smðum leitat við Hrafnkel?'

Þorbjrn sagði allt it sanna, hversu farit hafði með þeimHrafnkeli.

'Eigi hefi ek varr orðit fyrr', segir Sámr, 'at Hrafnkell hafisvá boðit nkkurum sem þér. Nú vil ek ríða með þér upp áAðalból, ok frum vit lítillátliga at við Hrafnkel, ok vita, ef hannvill halda in smu boð. Mun honum nkkurn veg vel fara.

'Þat er bæði', segir Þorbjrn, 'at Hrafnkell mun nú eigivilja, enda er mér þat nú eigi heldr í hug en þá, er ek reiðþaðan.

Sámr segir: 'Þungt get ek at deila kappi við Hrafnkel ummálaferli.

Þorbjrn svarar: 'Því verðr engi uppreist yðar ungra manna,at yðr vex allt í augu. Hygg ek, at engi maðr muni eigajafnmikil auvirði at frændum sem ek. Sýnisk mér slíkummmnum illa farit sem þér, er bykkisk lgknn vera ok ertgjarn á smásakar, en vilt eigi taka við þessu máli, er svá erbrýnt. Mun þér verða ámælissamt, sem makligt er, fyrir þvíat þú ert hávaðamestr ór ætt várri. Sé ek nú, hvat sk horfir.

Sámr svarar: 'Hverju góðu ertu þá nær en áðr, þótt ek takavið þessu máli ok séu vit þá báðir hrakðir?'

Þorbjörn svarar: 'Þó er mér þat mikil hugarbót, at þú takirvið málinu. Verðr at því, sem má.'

Sámr svarar: 'Ófúss geng ek at þessu. Meir geri ek þat fyrirfrændsemi sakar við þik. En vita skaltu, at mér þykkir þarheimskum manni at duga, sem þú ert.'

Þá rétti Sámr fram hndina ok tók við málinu af Þorbirni.

Sámr lætr taka sér hest ok ríðr upp eptir dal ok ríðr á b einn ok lýsir víginu -- fær sér menn -- á hendr Hrafnkeli. Hrafnkellspyr þetta ok þótti hlgligt, er Sámr hefir tekit mál á hendrhomum.

Leið nú á vetrinn. En at vári, þá er komit var at stefnudgum, ríðr Sámr heiman upp á Aðalból ok stefnir Hrafnkeli um víg Einars. Eptir þat ríðr Sámr ofan eptir dalnum ok kvaddi búatil þingreiðar, ok sitr hann um kyrrt, þar til er menn búask tilþingreiðar. Hrafnkell sendi þá menn ofan eptir dalnum ok kvaddiupp menn. Hann fær ór þinghá sinni sjau tigu manna. Meðþenna flokk ríðr hann austr yfir Fljótsdalsheiði ok svá fyrir vatnsbotninn ok um þveran háls til Skriðudals ok upp eptir Skriðudal ok suðr á Øxarheiði til Berufjarðar ok réttapingmannaleið á Síðu. Suðr ór Fljótsdal eru sjautján dagleiðir á Þingvll.

En eptir þat er hann var á brott riðinn ór heraði, þá safnar Sámr at sér mnnum. Fær hann mest til reiðar með séreinhleypinga ok þá, er hann hafði saman kvatt. Ferr Sámr okfær þessum mnnum vápn ok klæði ok vistir. Sámr snýraðra leið ór dalnum. Hann ferr norðr til brúa ok svá yfir brúok þaðan yfir Mörudalsheiði, ok váru í Mörudal um nótt. Þaðan riðu þeir til Herðibreiðstungu ok svá fyrir ofan Bláfjll ok þaðan í Króksdal ok svá suðr á Sand ok kómu ofan í Sandafellok þaðan á Þingvll, ok var þar Hrafnkell eigi kominn. Okfórsk honum því seinna, at hann átti lengri leið.

Sámr tjaldrar búð yfir sínum mnnum hvergi nær því, sem Austfirðingar eru vanir at tjalda, en nkkuru síðar kom Hrafnkell á þing. Hann tjaldrar búð sína, svá sem hann varvanr, ok spurði, at Sámr var á þinginu. Honum þótti þathlgligt.

Þetta þing var harðla fjlmenn. Váru þar flestir hfðingjar, þeir er váru á Íslandi. Sámr finnr alla hfðingja ok bað sértrausts ok liðsinnis, en einn veg svruðu allir, at engi kvazkeiga svá gott Sámi upp at gjalda, at ganga vildi í deild við Hrafnkel goða ok hætta svá sinni virðingu, segja ok þat einn veg flestum farit hafa, þeim er þingdeilur við Hrafnkel hafahaft, at hann hafi alla menn hrakit af málaferlum þeim, er við hann hafa haft.

Sámr gengr heim til búðar sinnar, ok var þeim frændumþungt í skapi ok uggðu, at þeira mál mundi svá niðr falla, at þeir mundi ekki fyrir hafa nema skmm ok svívirðing. Ok svámikla áhyggju hafa þeir frændr, at þeir njóta hvárki svefns né matar, því at allir hfðingjar skárusk undan liðsinni við þáfrændr, jafnvel þeir, sem þeir væntu, at þeim mundi lið veita.

Þat var einn morgin snimma, at Þorbjörn karl vaknar. Hannvekr Sám ok bað hann upp standa. 'Má ek ekki sofa.

Sámr stendr upp ok ferr í klæði sín. Þeir ganga út ok ofan at Øxará, fyrir neðan brúna. Þar þvá þeir sér.

Þorbjörn mælti við Sám: 'Þat er ráð mitt, at þú látir rekaat hesta vára, ok búumsk heim. Er nú sét, at oss vill ekki annat svívirðing.

Sámr svarar: 'Þat er vel, af því at þú vildir ekki annat endeila við Hrafnkel ok vildir eigi þá kosti þiggja, er margr mundigjarna þegit hafa, sá er eptir sinn náunga átti at sjá. Frýðir þúoss mjkk hugar ok lllum þeim, er í þetta mál vildu eigi ganga með þér. Skal ek nú ok aldri fyrr af láta en mér þykkir fyrirván komit, at ek geta nkkut at gert."

Þá fær Þorbirni svá mjkk, at hann grætr.

Þá sjá þeir vestan at ánni, hótí neðar en þeir sátu, hvar fimmmenn gengu saman frá einni búð. Sá var hár maðr ok ekkiþrekligr, er fyrstr gekk, í laufgronom kyrtli ok hafði búit sverð í hendi, réttleitr maðr ok rauðlitaðr ok vel í yfirbragði, ljósjarpr á hár ok mjkk hærðr. Sjá maðr var auðkenniligr, þvíat hann hafði ljósan lepp í hári sínu inum vinstra megin.

Sámr mælti: 'Stndum upp ok gngum vestr yfir ána tilmóts við þessa menn.'

Þeir ganga nú ofan með ánni, ok sá maðr, sem fyrir gekk, heilsar þeim fyrri ok spyrr, hverir þeir væri.

Þeir sgdú til sín.

Sámr spurði þenna mann at nafni, en hann nefndisk Þorkellok kvazk vera Þjóstarsson.

Sámr spurði, hvar hann væri ættaðr eða hvar hann ættiheima.

Hann kvazk vera vestfirzkr at kyni ok uppruna, en eiga heimaí Þorskafirði.

Sámr mælti: 'Hvart ertu goðorðsmaðr?' Hann kvað þat fjarri fara.

'Ertu þá bóndi?' sagði Sámr.

Hann kvazk eigi þat vera.

Sámr mælti: 'Hvat manna ertu þá?'

Hann svarar: 'Ek em einn einhleypingr. Kom ek út í fyrra vetr. Hefi ek verit útan sjau vetr ok farit út í Miklagarð, en emhandgenginn Garðskonunginum. En nú em ek á vist meðbróður mínum, þeim er Þorgeirr heitir.

'Er hann goðorðsmaðr?' segir Sámr.

Þorkell svarar: 'Goðorðsmaðr er hann víst um Þorskafjrð ok víðara um Vestfjrðu.

'Er hann hér á þinginu?' segir Sámr.

'Hér er hann víst.

'Hversu margmennr er hann?'

'Hann er við sjau tigu manna', segir Þorkell.

'Eru þér fleiri brðrnir?' segir Sámr.

'Inn þriði', segir Þorkell.

Hverr er sá?' segir Sámur.

'Hann heitir Þormóður', segir Þorkell, 'ok býr í Grðum á Alptanesi. Hann á Þórdísi, dóttur Þórólfs Skalla-Grímssonar frá Borg.

'Viltu nkkut liðsinni okkr veita?' segir Sámur.

'Hvers þurfu þit við?' segir Þorkell.

'Liðsinnis ok afla hfðingja', segir Sámur, 'því at vit eigum málum at skipta við Hrafinkel goða um víg Einars Þorbjarnar-sonar, en vit megum vel hlíta okkrum flutningi með þínufulltingi.

Þorkell svarar: 'Svá er sem ek sagða, at ek em engi goðorðsmaður.

'Hví ertu svá afskipta grr, þar sem þú ert hfðingjasonr sem aðrir bróðr þínir?' Þorkell sagði: 'Eigi sagða ek þér þat, at ek ætta þat eigi, enek selda þat í hendr Þorgeiri, bróður mínum, mannaforráðmitt, áðr en ek fór útan. Síðan hefi ek eigi við tekit, fyrir þvíat mér þykkir vel komit, meðan hann varðveitir. Gangi þit á fund hans. Biðið hann ásjá. Hann er skrungr í skapi okdrengr góðr ok í alla staði vel mennt, ungr maðr ok metnaðar-gjarn. Eru slíkir menn vænstir til at veita ykkur liðsinni.

Sámur segir: 'Af honum munum vit ekki fá, nema þú sér íflutningi með okkr.

Þorkell segir: 'Því mun ek heita at vera heldr með ykkur enmótí, með því at mér þykkir rin nauðsyn til at mæla eptirnáskyldan mann. Fari þit nú fyrir til búðarinnar ok gangið inní búðina. Er mannfólk í svefni. Þit munuð sjá, hvar standainnar um þvera búðina tvau húðft, ok reis ek upp ór ðru, en í ðru hvílir Þorgeirr, bróðir minn. Hann hefir haft kveisumikla í ftinum, síðan hann kom á þingit, ok því hefir hannlítit sofit um ntr. En nú sprakk fótrinn í nótt, ok er órkeisunaglinn. En nú hefir hann sofnat síðan ok hefir réttanfótinn út undan ftinum fram á fótafjlina sakar ofrhita, er áer ftinum. Gangi sá inn gamli maðr fyrir ok svá innar eptir búðinni. Mér sýnisk hann mjkk hrymðr bæði at sýn ok elli.

Þá er þú, maðr', segir Þorkell, 'kemr at húðfatinu, skaltu rasamjkk ok fall á fótafjlina ok tak í tána þá, er um er bundit, okhnykk at þér ok vit, hversu hann verðr við."

Sámur mælti: 'Heilráðr muntu okkr vera, en eigi sýnisk mér þetta ráðligt.

Þorkell svarar: 'Annat hvárt verði þit at gera, at hafa þat, semek legg til, eða leita ekki ráða til mín.

Sámur mælti ok segir: 'Svá skal gera sem hann gefr ráð til.

Þorkell kvazk mundu ganga síðar, -- 'því at ek bíð manna minna.

Ok nú gengu þeir Sámur ok Þorbjörn ok koma í búðina.

Sváfu þar menn allir. Þeir sjá brátt, hvar Þorgeirr lá. Þorbjörnkarl gekk fyrir ok fór mjkk rasandi. En er hann kom athúðfatinu, þá fell hann á fótafjlina ok þrífr í tána, þá er vanmátta var, ok hnykkir at sér. En Þorgeirr vaknar við okhljóp upp í húðfatinu ok spurði, hverr þar fri svá hrapalliga, at hlypi á ftr mnnum, er áðr váru vanmátta.

En þeim Sámi varð ekki at orði.

Þá snaraði Þorkell inn í búðina ok mælti til Þorgeirs, bróður síns: 'Ver eigi svá bráðr né óðr, frændi, um þetta, því at þikmun ekki saka. En mrgum teksk verr en vill, ok verðr þatmrgum, at þá fá eigi alls gætt jafnvel, er honum er mikit ískapi. En þat er várkunn, frændi, at þér sé sárr fótr þinn, ermikit mein

hefir í verit. Muntu þess mest á þér kenna. Nú má ok þat vera, at gmlum manni sé eigi ósárari sonardauði sinn, en fá engar btr, ok skorti hvetvetna sjálfr. Mun hann þessgørst kenna á sér, ok er þat at vánum, at sá maðr gæti eigi allsvel, er mikit býr í skapi.

Þorgeirr segir: 'Ekki hugða ek, at hann mætti mik þessa kunna, því at eigi drap ek son hans, ok má hann af því eigi ámér þessu hefna.

'Eigi vildi hann á þér þessu hefna', segir Þorkell, 'en fór hann at þér harðara en hann vildi, ok galt hann óskygnleika síns, en vænti sér af þér nkkurs trausts. Er þat nú drengskaprat veita gmlum manni ok þurftigum. Er honum þettanauðsyn, en eigi seiling, þó at hann mæli eptir son sinn, en núganga allir hfðingjar undan liðveizlu við þessa menn ok sýnaí því mikinn ódrengskap.

Þorgeirr mælti: 'Við hvern eigu þessir menn at kæra?'

Þorkell svaraði: 'Hrafnkell goði hefir vegit son hans Þorbjarnar saklausan. Vinnr hann hvert óverk at ðru, en villengum manni sóma vinna fyrir.

Þorgeirr mælti: 'Svá mun mér fara sem ðrum, at ek veit eigi mik þessum mnnnum svá gott upp at inna, at ek viljaganga í deilur við Hrafnkel. Þykki mér hann einn veg farahvert sumar við þá menn, sem málum eigu at skipta við hann, at flestir menn fá litla virðing eða enga, áðr lúki, ok sé ek þarfara einn veg llum. Get ek af því flesta menn ófúsa til, þá sem engi nauðsyn dregr til.

Þorkell segir: 'Þat má vera, at svá fri mér at, ef ek værihfðingi, at mér þtti illt at deila við Hrafnkel, en eigi sýniskmér svá, fyrir því at mér þtti við þann bezt at eiga, er allirhrekjask fyrir áðr. Ok þtti mér mikit vaxa mín virðing eða þess hfðingja, er á Hrafnkel gæti nkkura vík róit, en minnkaskekki, þó at mér fri sem ðrum, fyrir því at má mér þat, semyfir margan gengr. Hefir sá ok jafnan, er hættir.

'Sé ek', segir Þorgeirr, 'hversu þér er gefit, at þú vilt veitaþessum mnnnum. Nú mun ek selja þér í hendr goðorð mitt ok mannaforráð, ok haf þú þat, sem ek hefi haft áðr, en þaðanaf hfum vit jfnuð af báðir, ok veittu þá þeim, er þú vilt.

'Svá sýnisk mér', segir Þorkell, 'sem þá muni goðorð vartbeztt komit, er þú hafir sem lengst. Ann ek engum svá vel sempér at hafa, því at þú hefir marga hluti til menntar um fram alla oss brðr, en ek óráðinn, hvat er ek vil af mér gera atbragði. En þú veizt, frændi, at ek hefi til fás hlutazk, síðan ekkom til Íslands. Má ek nú sjá, hvat mín ráð eru. Nú hefi ekflutt sem ek mun at sinni. Kann vera, at Þorkell lepr komiþar, at hans orð verði meir metin.

Þorgeirr segir: 'Sé ek nú, hversu horfir, frændi, at þér mislíkar, en ek má þat eigi vita, ok munum vit fylgja þessum mnnnum, hversu sem ferr, ef þú vilt.

Þorkell mælti: 'Þessa eins bið ek, at mér bykkir betr, at veittsé.

'Til hvers þykkjask þessir menn frir', segir Þorgeirr, 'svá at framkvæmð verði at þeira máli?'

'Svá er sem ek sagða í dag, at styrk þurfum vit af hfðingjum, en málaflutning á ek undir mér.

Þorgeirr kvað honum þá gott at duga, -- 'ok er nú þat til, atbúa mál til sem réttligast. En mér þykkir sem Þorkell vili, at þit vitið hans, áðr dómar fara út. Munu þit þá hafa annathvart fyrir ykkart þrá, nkkura huggan eða læging enn meiren áðr ok hrelling ok skapraun. Gangið nú heim ok veriðkátir, af því at þess munu þit við þurfa, ef þit skuluð deila við Hrafnkel, at þit berið ykk vel upp um hríð, en segi þit engum manni, at vit hfum liðveizlu heitit ykk.

Þá gengu þeir heim til búðar sinnar, váru þá lteitir. Mennundruðusk þetta allir, hví þeir hefði svá skjótt skapskipti tekit, þar sem þeir váru óglaðir, er þeir fóru heiman.

Nú sitja þeir, þar til er dómur fara út. Þá kveðr Sámr upp menn sína ok gengr til lgbergs. Var þar þá dómr settr. Sámrgekk djarfliga at dóminum. Hann hefr þegar upp váttnefnuok sótti mál sitt at réttum landslgum á hendr Hrafnkeli goða, miskviðalaust með skruglum flutningi. Þessu næst komaðeir Þjóstarssynir með mikla sveit manna. Allir menn vestan af landi veittu þeim lið, ok sýndisk þat, at Þjóstarssynir várუმenn vinsælir. Sámr sótti málit í dóm, þangat til er Hrafnkeli var boðit til varnar, nema sá maðr væri þar við staddr, erlgvrn vildi frammi hafa fyrir hann at réttu lgmáli. Rómrvard mikill at máli Sáms. Kvazk engi vilja lgvrn fram bera fyrir Hrafinkel.

Menn hlupu til búðar Hrafnkels ok sgðu honum, hvat umvar at vera.

Hann veiksk við skjótt ok kvaddi upp menn sína ok gekk til dóma, hugði, at þar myndi lítil vrn fyrir landi. Hafði hannþat í hug sér at leiða smámnum at skja mál á hendr honum.

Ætlaði hann at hleypa upp dóminum fyrir Sámi ok hrekjahann af málinu. En þess var nú eigi kostur. Þar var fyrir sámannfjldi, at Hrafnkell komsk hvergi nær. Var honum þrøngt frá í brottu með miklu ofríki, svá at hann náði eigi at heyra málþeira, er hann sóttu. Var honum því óhægt at fra lgvrnfram fyrir sik. En Sámr sótti málit til fullra laga, til þess erHrafnkell var alsekr á þessu þingi.

Hrafnkell gengr þegar til búðar ok lætr taka hesta sína ok ríðr á brott af þingi ok unði illa við sínar málalykðir, því at hannátti aldri fyrr slíkar. Ríðr hann þá austr Lyngdalsheiði ok sváaustr á Síðu, ok eigi léttir hann fyrir en heima í Hrafnkelsdalok sezkr á Aðalból ok lét sem ekki hefði í orðit.

En Sámr var á þingi ok gekk mjkr uppstertr.

Mrgum mnum þykkir vel, þó at þann veg hafi at borizkr, at Hrafnkell hafi hneykju farit, ok minnask nú, at hann hefirmrgum ójafnað sýnt.

Sámr bíðr til þess, at slitit er þinginu. Búask menn þá heim.

Þakkar hann þeim brðrum sína liðveizlu, en Þorgeirr spurði Sámi hlæjandi, hversu honum þtti at fara. Hann lét vel yfirþví.

Þorgeirr mælti: 'Þykkisk þú nú nkkuru nær en áðr?'

Sámr mælti: 'Beðit þykki mér Hrafnkell hafa sneypu, erlengi mun uppi vera, þessi hans sneypa, ok er þetta við miklafémuni.

'Eigi er maðrinn alsekr, meðan eigi er háðr féránsdómr, okhlýtr þat at hans heimili at gera. Þat skal vera fjórtán nóttumeptir vápnatak.'

En þat heitir vápnatak er alþýða ríðr af þingi.

'En ek get', segir Þorgeirr, 'at Hrafnkell mun heim kominnok ætli at sitja á Aðalbóli. Get ek, at hann mun halda manna-forráð fyrir yðr. En þú munt ætla at ríða heim ok setjask í búþitt, ef þú náir, at bezta kosti. Get ek, at þú hafir þat svá þinnamála, at þú kallar hann skógarmann. En slíkan gishjálmg, get ek, at hann beri yfir flestum sem áðr, nema þú hljótir at fara nkkuru lægra.'

'Aldri hirði ek þat', segir Sámr.

'Hraustr maðr ertu', segir Þorgeirr, 'ok þykki mér sem Þorkellfrændi vili eigi gera endamjótt við þik. Hann vill nú fylgja þér, þar til er ór slítr með ykkur Hrafnkeli, ok megir þú þá sitja um kyrrt. Mun yðr þykkja nú vit skyldastir at fylgja þér umsinn sakar í Austfjrðu. Eða kanntu nkkura þá leið til Austfjarða, at eigi sé almannavegr?'

Sámr svaraði: 'Fara mun ek ina smu leið, sem ek fóraustan.'

Sámr varð þessu feginn.

5. kafli

Þorgeirr valði lið sitt ok lét sér fylgja fjóra tigu manna.

Sámr hafði ok fjóra tigu manna. Var þat lið vel búit at vápnumok hestum. Eptir þat ríða þeir alla ina smu leið, þar til er þeir koma í nætrelding í Jkulsdal, fara yfir brú á ánni, ok var þetta þann morgin, er féránsdóm átti at heyja. Þá spyr Þorgeirr, hversu mætti helzt á óvart koma. Sámr kvazk mundukunna ráð til þess. Hann snýr þegar af leiðinni ok upp ámúllann ok svá eptir hálsinum milli Hrafnkeldals ok Jkulsdals, þar til er þeir koma útan undir fjallit, er brinn stendr undir niðri á Aðalbóli. Þar gengu grasgeilar í heiðina upp, en þarvar brekka brtt ofan í dalinn, ok stóð þar brinn undir niðri.

Þar stígr Sámr af baki ok mælti: 'Látum lausa hesta vára, ok geymi tuttugu menn, en vér sex tigur saman hlaupum at þnum, ok get ek, at fátt muni manna á fótum.' Þeir gerðu nú svá, ok heita þar síðan Hrossageilar. Þá barskjótt at þnum. Váru þá liðin rismál. Eigi var fólk uppstaðit. Þeir skutu stokki á hurð ok hlupu inn. Hrafnkellhvíldi í rekkju sinni. Taka þeir hann þaðan ok alla hans heimamenn, þá er vápnfrir váru. Konur ok brn var rekití eitt hús. Í túninu stóð útibúr. Af því ok heim á skálavegginnvar skotit váðási einum. Þeir leiða Hrafnkel þar til ok hansmenn. Hann bauð mrg boð fyrir sik ok sína menn. En er þat tjáði eigi, þá bað hann mnnum sínum lífs, -- 'því at þeir hafa ekki til sakar grt við yðr, en þat er mér engi ósmð, þótt þér drepið mik. Mun ek ekki undan því mælask. Undanhrakningum mælumk ek. Er yðr engi smð í því.

Þorkell mælti: 'Þat hfum vér heyr, at þú hafir lítt veritleiðitamr þínum óvinum, ok er vel nú, at þú kennir þess í dagá þér.

Þá taka þeir Hrafnkel ok hans menn ok bundu hendr þeira á bak apr. Eptir þat brutu þeir upp útibúrit ok tóku reip ofanór krókum, taka síðan knífa sína ok stinga raufar á hásinum þeira ok draga þar í reipin ok kasta þeim svá upp yfir ásinn ok binda þá svá átta saman.

Þá mælti Þorgeirr: 'Svá er komit nú kosti yðrum, Hrafnkell, sem makligt er, ok mundi þér þykkja þetta ólíkligt, at þú mundir slíka skmm fá af nkkurum manni, sem nú er orðit.

Eða hvárt viltu, Þorkell, nú gera: at sitja hér hjá Hrafnkeli ok gæta þeira, eða viltu fara með Sámi ór garði á brott í rskotshelgivið binn ok heyja féránsdóm á grjóthól nkkurum, þar semhvárki er akr né eng?'

Þetta skyldi í þann tíma gera, er sól væri í fullu suðri.

Þorkell sagði: 'Ek vil hér sitja hjá Hrafnkeli. Sýnisk mér þetta starfaminna.

Þeir Þorgeirr ok Sámr fóru þá ok háðu féránsdóm, gangaheim eptir þat ok tóku Hrafnkel ofan ok hans menn ok settu þá niðr í túninu, ok var sigit blóð fyrir augu þeim.

Þá mælti Þorgeirr til Sáms, at hann skyldi gera við Hrafnkel slíkt, sem hann vildi, -- 'því at mér sýnisk nú óvandleikit viðhann.

Sámr svarar: 'Tvá kosti geri ek þér, Hrafnkell. Sá annarr, atþik skal leiða ór garði brott ok þá menn, sem mér líkar, ok veradreppinn. En með því at þú átt ómegð mikla fyrir at sjá, þá vilek þess unna þér, at þú sjáir þar fyrir. Ok ef þú vilt líf þiggja, þá far þú af Aðalbóli með allt lið þitt ok haf þá eina fémuni, erek skef þér, ok mun þat harðla lítit, en ek skal taka staðfestuþína ok mannaforráð allt. Skaltu aldri tilkall veita né þínirerfingjar. Hvergi skaltu nær vera en fyrir austan Fljótsdalsheiði, ok máttu nú eiga handsli við mik, ef þú vilt þenna upp taka.' Hrafnkell mælti: 'Mrgum mundi betr þykkja skjótr dauðien slíkar hrakningar, en mér mun fara sem mrgum þrum, at lífit mun ek kjósa, ef kostur er. Geri ek þat mest skum sonaminna, því at lítil mun vera uppreist þeira, ef ek dey frá.' Þá er Hrafnkell leystur, ok seldi hann Sámi sjálfmí. Sámr skipti Hrafnkeli af fé slíkt, er hann vildi, ok var þatraunarlítit. Spjót sitt hafði Hrafnkell með sér, en ekki fleiravápn. Þenna dag forði Hrafnkell sik brott af Aðalbóli ok allsitt fólk.

Þorgeirr mælti þá við Sám: 'Eigi veit ek, hví þú gerir þetta. Muntu þessa mest iðrask sjálfr, er þú gefr honum líf.

Sámr kvað þá svá vera verða.

Hrafnkell frði nú bú sitt austr yfir Fljótsdalsheiði ok umþveran Fljótsdal fyrir austan Lagarfljót. Við vatnsbotninnstóð einn lítill br, sem hét at Lokhillu. Þetta land keypti Hrafnkell í skuld, því at eigi var kosturinn meiri en þurfti tilbúshluta at hafa. Á þetta lögðu menn mikla umrðu, hversuhans ofsi hafði niðr fallit, ok minnisk nú margr á fornanorðskvið, at skmm er óhófs ævi. Þetta var skógland mikit okmikrit merkjum, vánt at húsum, ok fyrir þat efni keypti hann landit litlu verði. En Hrafnkell sá ekki mjá í kostnað okfelldi mrkina, því at hon var stór, ok reisti þar reisiligan b, þann er síðan hét á Hrafnkelsstöðum. Hefir þat síðan veritkallaðr jafnan góðr bor. Bjó Hrafnkell þar við mikil óhgindiin fyrstu misseri. Hann hafði mikinn atdrátt af fiskinum.

Hrafnkell gekk mjá at verknaði, meðan br var í smíði.

Hrafnkell dró á vetr kálf ok kið in fyrstu misseri, ok hann heltvel, svá at nær lifði hvatvetna þat, er til ábyrgðar var. Máttisvá at kveða, at nálíga væri tvau hfuð á hverju kvikindi. Á því sama sumri lagðisk veiðr mikil í Lagarfljót. Af slíkugerðisk mnnum búshgindi í heraðinu, ok þat helzk velhvert sumar.

6. kafli

Sámr setti bú á Aðalbóli eptir Hrafnkel, ok síðan efnir hannveizlu virðuliga ok býðr til llum þeim, sem verit hfðuþingmenn hans. Sámr býzk til at vera yfirmaðr þeira í staðHrafnkels, Menn játuðusk undir þat ok hugðu þó enn misjafnttil.

Þjóstarssynir réðu honum þat, at hann skyldi vera blíðr okgóðr fjárins ok gagnsamr sínum mnnum, styrktarmaðr hvers, sem hans þurfu við. 'Þá eru þeir eigi menn, ef þeir fylgja þéreigi vel, hvers sem þú þarft við. En því ráðum vit þér þetta, atvit vildim, at þér tkisk allt vel, því at þú virðisk okkr vaskrmaðr. Gættu nú vel til, ok vertu varr um þik, af því at vant ervið vándum at sjá.

Þjóstarssynir létu senda eptir Freyfaða ok liði hans okkváðusk vilja sjá gripi þessa, er svá gengu miklar sgur af. Þáváru hrossin heim leidd. Þeir brðr líta á hrossin.

Þorgeirr mælti: 'Þessi hross lítask mér þrf búinu. Er þatmitt ráð, at þau vinni slíkt, er þau megu, til gagnsmuna, þangat til er þau megu eigi lifa fyrir aldrs skum. En hestrþessi sýnisk mér eigi betri en aðrir hestar, heldr því verri, at margt illt hefir af honum hlotizk. Vil ek eigi, at fleiri víghljótisk af honum en áðr hafa af honum orðit. Mun þat númakligt, at sá taki við honum, er hann á.

Þeir leiða nú hestinn ofan eptir vellinum. Einn hamarrstendr niðr við ána, en fyrir framan hylr djúpr. Þar leiða þeirnú hestinn fram á hamarinn. Þjóstarssynir drógu fat eitt áhfuð hestinum, taka síðan hávar stengr ok hrinda hestinum fram, binda stein. við hálsinn ok týndu honum svá. Heitirþar síðan Freyfaxahamarr. Þar ofan frá standa goðahús þau, er Hrafnkell hafði átt. Þorkell vildi koma þar. Lét hann flettagoðin ll. Eptir þat lætr hann leggja eld í goðahúsit ok brenna allt saman.

Síðan búask boðsmenn í brottu. Velr Sámr þeim ágæta gripibáðum brðrum, ok mæla til fullkominnar vináttu með sér ok skiljask allgóðir vinir. Ríða nú rétta leið vestr í fjrðu ok koma heim í Þorskafjrð með virðingu. En Sámr setti Þorbjrn niðrat Leikskálum. Skyldi hann þar búa. En kona Sáms fór tilbús með honum á Aðalból ok býr Sámr þar um hríð.

7. kafli

Hrafnkell spurði austr í Fljótsdal, at Þjóstarssynir hfðu týnt Freyfaxa ok brennt hofit.

Þá svarar Hrafnkell: 'Ek hygg þat hégóma at trúa á goð', -- oksagðisk hann þaðan af aldri skyldu á goð trúa, ok þat efndi hannsíðan, at hann blótaði aldri.

Hrafnkell sat á Hrafnkelsstöðum ok rakaði fé saman. Hann fekk brátt miklar virðingar í heraðinu. Vildi svá hverr sitja okstanda sem hann vildi.

Í þenna tíma kómu sem mest skip af Noregi til Íslands.

Námu menn þá sem mest land í heraðinu um Hramkels daga.

Engi náði með frjálssu at sitja, nema Hrafnkel bæði orlofs. Þá urðu ok allir honum at heita sínu liðsinni. Hann hét ok sínutrausti. Lagði hann land undir sik allt fyrir austanLagarfljót. Þessi þinghá varð brátt miklu meiri ok fjlmennari en sú, er hann hafði áðr haft. Hon gekk upp um Skriðudal okupp allt með Lagarfljóti. Var nú skipan á komin á lund hans. Maðrinn var miklu vinsælli en áðr. Hafði hann ina smuskapsmuni um gagnsemð ok risnu, en miklu var maðrinn núvinsælli ok gæfari ok hgri en fyrr at llu.

Opt fundusk þeir Sámr ok Hrafnkell á mannamótum, okminntusk þeir aldri á sín viðskipti. Leið svá fram sex vetr.

Sámr var vinsæll af sínum þingmnum, því at hann varhgr ok kyrr ok góðr órlausna ok minntisk á þat, er þeirbrðr hfðu ráðit honum. Sámr var skartsmaðr mikill.

8. kafli

Þess er getit, at skip kom af hafi í Reyðarfjrð, ok varstýrimaðr Eyvindr Bjarnason. Hann hafði útan verit sjau vetr.

Eyvindr hafði mikit við gengizk um menntir ok var orðinn innvaskasti maðr. Eru honum sgð brátt þau tíðendi, er grzkhfðu, ok lét hann sér um þat fátt finnask. Hann var fáskiptinnmaðr.

Ok þegar Sámur spyr þetta, þá ríður hann til skips. Verðnú mikill fagnafundur með þeim bróðrum. Sámur býður honum vestr þangat. En Eyvindur tekur því vel ok biður Sámuríða heim fyrir, en senda hesta á móti varningi hans. Hann setrupp skip sitt ok býr um. Sámur gerir svá, ferr heim ok lætur rekahesta á móti Eyvindi. Ok er hann hefur búit um varnað sinn, býr hann ferð sína til Hrafnkelsdals, ferr upp eptir Reyðarfirði.

Þeir váru fimm saman. Inn sétti var skósveinn Eyvindar. Sávar íslenzkr at kyni, skyldr honum. Þenna svein hafði Eyvindrtekit af válaði ok flutt útan með sér ok haldit sem sjálfan sik.

Þetta bragð Eyvindar var uppi haft, ok var þat alþýðu rómr, atfæri væri hans líkar.

Þeir ríða upp Þórisdalsheiði ok ráku fyrir sér sextán klyfjaðahesta. Váru þar húskarlar Sámur tveir, en þrír farmenn. Váru þeir ok allir í litklæðum ok riðu við fagra skjldu. Þeir riðu umþveran Skriðudal k yfir háls yfir til Fljótsdals, þar sem heita Bulungarvellir, ok ofan á Gilsáreyri. Hon gengr austr atfljótinu milli Hallormsstaða ok Hrafnkelsstaða. Ríða þeir uppmeð Lagarfljóti fyrir neðan vll á Hrafnkelsstöðum ok sváfyrir vatnsbotninn ok yfir Jkulsá at Skálavaði. Þá var jafnærismálum ok dagmálum.

Kona ein var við vatnit ok þó lérept sín. Hon sér ferðmanna. Griðkona sjá sópar saman léreptunum ok hleyprheim. Hon kastar þeim niður úti hjá viðarkesti, en hleypr inn.

Hrafnkell var þá eigi upp staðinn, ok nkkurir vilðarmennlágu í skálanum, en verkmenn váru til iðnar farnir. Þetta var um heyjaannir.

Konan tók til orða, er hon kom inn: 'Satt er flest þat, erfornkveðit er, at svá ergisk hverr sem eldisk. Verður sú lítilvirðing, sem snimma leggsk á, ef maður lætur síðan sjálf af meðósóma ok hefur eigi traust til at reka þess réttar nkkurt sinni, ok eru slík mikil undr um þann mann, sem hraustr hefur verit.

Nú er annan veg þeira lífi, er upp vaxa með fður sínum, okþykkja yður einskis háttar hjá yður, en þá er þeir eru frumvaxta, fara land af landi ok þykkja þar mestháttar, sem þá koma þeir, koma við þat út ok þykkjask þá hfðingjum meiri. Eyvindur Bjarnason reið hér yfir á á Skálavaði með svá fagan skjld, atljómaði af. Er hann svá menntur, at hefnd væri í honum.

Lætur griðkonan ganga af kappi.

Hrafnkell ríss upp ok svarar henni, 'Kann vera, at þú hjarirhelzti margt satt -- eigi fyrir því, at þér gangi gott til. Er nú vel, at þér aukisk erfiði. Far þú hart suður á Víðivllu eptir Hallsteinssonum, Sighvati ok Snorra. Bið þá skjótt til mínkoma með þá menn, sem þar eru vápnfirir.

Aðra griðkonu sendir hann út á Hrólfstaði eptir þeim Hrólfssonum, Þórði ok Halla, ok þeim, sem þar váru vápnfirir. Þessir hváirtveggju váru gildir menn ok allvel menntir.

Hrafnkell sendi ok eptir húskrlum sínum. Þeir urðu allsátján saman. Þeir vápnuðust harðfengiliga, ríða þar yfir á, semhinir fyrri.

Þá váru þeir Eyvindur komnir upp á heiðina. Þar heita Bersagtur. Þar er svarðlaus mýrr, ok er sem ríði í efju einafram, ok tók jafnan í kné eða í miðjan legg, stundum í kvið, þáer undir svá hart sem hlkn. Þá er hraun stórt fyrir vestan, oker þeir koma á hraunit, þá lítur sveinninn aptr ok mælti til Eyvindar: 'Menn ríða þar eptir oss', segir hann, 'eigi færi enátján. Er þar mikill maður á baki í blám klæðum, ok sýnisk mér líkt Hrafnkeli goða. Þó hefi ek nú lengi eigi sét hann.

Eyvindr svarar: 'Hvat mun oss skipta? Veit ek mér einskisóttá vánir af reið Hrafnkels. Ek hefi honum eigi í mótí grt.

Mun hann eiga ørendi vestr til dals at hitta vini sína.

Sveinninn svarar: 'Þat býðr mér í hug, at hann muni þikhitta vilja.

'Ekki veit ek', segir Eyvindr, 'til hafa orðit með þeim Sámi,bróður mínum, síðan þeir sættusk.

Sveinninn svarar: 'Þat vilda ek, at þú riðir undan vestr tildals. Muntu þá geymðr. Ek kann skapi Hrafnkels, at hannmun ekki gera oss, ef hann náir þér eigi. Er þá alls gætt, eþþín er, en þá er eigi dýr í festi, ok er vel, hvat sem af oss verðr.

Eyvindr sagðisk eigi mundu brátt undan ríða, -- 'því at ek veit eigi, hverir þessir eru. Mundi þat mrgum mannhlgiligt þykkja, ef ek renn at llu óreyndu.

Þeir ríða nú vestr af hrauninu. Þá er fyrir þeim nnur mýrr,er heitir Oxamýrr. Hon er grsug mj. Þar eru bleytur, sváat nálíga er ófrt yfir. Af því lagði Hallfreðr karl inar efri gtur, þó at þær væri lengri.

Eyvindr ríðr vestr á mýrina. Lá þá drjúgum í fyrir þeim.

Dvalðisk þá mj fyrir þeim. Hina bar skjótt eptir, er lausirriðu. Ríða þeir Hrafnkell nú leið sína á mýrina. Þeir Eyvindreru þá komnir af mýrinni. Sjá þeir þá Hrafinkel ok sonu hans báða. Þeir báðu Eyvind þá undan at ríða. 'Eru nú af allartorfrur. Muntu ná til Aðalbóls, meðan mýrrin er á millum.

Eyvindr svarar: 'Eigi mun ek flýja undan þeim mnum, erek hefi ekki til miska grt.

Þeir ríða þá upp á hálsinn. Þar standa fjll lítill á hálsinum.

Útan í fjallinu er meltorfa ein, blásin mj. Bakkar hávir váruumhverfis. Eyvindr ríðr at torfunni. Þar stígr hann af bakiok bíðr þeira.

Eyvindr segir: 'Nú munum vér skjótt vita þeira ørendi.

Eptir þat gengu þeir upp á torfuna ok brjóta þar upp grjótnkkurt.

Hrafnkell snýr þá af gtnni ok suðr at torfunni. Hannhafði engi orð við Eyvind ok veitti þegar atngngu. Eyvindrvarðisk vel ok drengiliga. Skósveinn Eyvindar þóttisk ekkirkrtugr til orrostu ok tók hest sinn ok ríðr vestr yfir háls tilAðalbóls ok segir Sámi, hvat leika er.

Sámr brá skjótt við ok sendi eptir mnum. Urðu þeirsaman tuttugu. Var þetta lið vel búit. Ríðr Sámr austr áheiðina ok at þar, er vættfangit hafði verit.

Þá er umskipti á orðit með þeim. Reið Hrafnkell þá austr frá verkunum.

Eyvindr var þá fallinn ok allir hans menn.

Sámr gerði þat fyrst, at hann leitaði lífs með bróður sínum,Var þat trúliga grt: þeir váru allir líflátnir, fimm saman. Þarváru ok fallnir af Hrafnkeli tólf menn, en sex riðu brott.

Sámr átti þar litla dvl, það menn ríða þegar eptir. Ríða þeir nú eptir þeim ok hafa þó mdda hesta.

Þá mælti Sámr: 'Ná megum vér þeim, því at þeir hafamdda hesta, en vér hfum alla hraða, ok mun nálægtverða, hvárt vér nám þeim eða eigi, áðr en þeir komask afheiðinni.'

Þá var Hrafnkell kominn austr yfir Oxamýri.

Ríða nú hváirtveggju allt til þess, at Sámr kemr á heiðar-brúnina. Sá hann þá, at Hrafnkell var kominn lengra ofan íbrekkurnar. Sér Sámr, at hann mun undan taka ofan íheraðit.

Hann mælti þá: 'Hér munum vér aptr snúa, því at Hrafnkelimun gott til manna verða.

Snýr Sámr þá aptr við svá búit, kemr þar til, er Eyvindr lá,tekr til ok verpr haug eptir hann ok féлага hans. Er þar okklluð Eyvindartorfa ok Eyvindarfjll ok Eyvindardalr. Sámr ferr þá með allan varnaðinn heim á Aðalból. Ok erhann kemr heim, sendir Sámr eptir þingmnum sínum, atþeir skyldi koma þar um morguninn fyrir dagmál. Ætlar hannþá austr yfir heiði. 'Verðr ferð vár slík, sem má.

Um kveldit ferr Sámr í hvílu, ok var þar drjúgt komit manna.

9. kafli

Hrafnkell reið heim ok sagði tíðendi þessi. Hann etr mat, okeptir þat safnar hann mnum at sér, svá at hann fær sjau tígumanna, ok ríðr við þetta vestr yfir heiði ok kemr á óvart tilAðalbóls, tekr Sám í rekkju ok leiðir hann út.

Hrafnkell mælti þá: 'Nú er svá komit kosti þínum, Sámr,at þér mundi ólíkligt þykkja fyrir stundu, at ek á nú vald á lífiþínu. Skal ek nú eigi vera þér verri drengr en þú vart mér.

Mun ek bjóða þér tvá kosti: at vera drepinn-hinn er annarr,at ek skal einn skera ok skapa okkar í milli.

Sámr kvazk heldr kjósa at lifa, en kvazk þó hyggja, athvárrtveggi mundi harðr.

Hrafnkell kvað hann þat ætla mega, -- 'því at vér eigum þérþat at launa, ok skylda ek hálfu betr við þik gera, ef þess værivert. Þú skalt fara brott af Aðalbóli ofan til Leikskála, ok sezkr þar í bú þitt. Skaltu hafa með þér auðfi þau, sem Eyvindr hafði átt. Þú skalt ekki heðan fleira hafa í fémunum útan þat,er þú hefir hingat haft. Þat skaltu allt í brottu hafa. Ek vil takavið goðorði mínu, svá ok við búi ok staðfestu. Sé ek, at mikillávxtr hefir á orðit á gózi mínu, ok skaltu ekki þess njóta.

Fyrir Eyvind, bróður þinn, skulu engar btr koma, fyrir þvíat þú mæltir herfiliga eptir inn fyrra frænda þinn, ok hafi þérrnar btr þó eptir Einar, frænda yðvarn, þar er þú hefir haftríki ok fé sex vetr. En eigi þykki mér meira vert dráp Eyvindarok manna hans en meizl við mik ok minna manna. Þú gerðir mik sveitarrækan, en ek læt mér líka, at þú sitir á Leikskálum,ok mun þat duga, ef þú ofsar þér eigi til vansa. Minn undirmaðrskaltu vera, meðan vit lifum báðir. Máttu ok til þess ætla, atþú munt því verr fara, sem vit eigumsk fleira illt við.

Sámr ferr nú brott með lið sitt ofan til Leikskála ok sezkrþar í bú sitt.

10. kafli

Nú skipár Hrafnkell á Aðalbóli búi sínum mnum. Þóri,son sinn, setr hann á Hrafnkelsstaði. Hefir nú goðorð yfir llumsveitum. Ásbjrn var með fður sínum, því at hann varyngri.

Sámr sat á Leikskálum þenna vetr. Hann var hljóðr ok fáskiptinn. Fundu margir þat, at hann unði lítt við sinn hlut.

En um vetrinn, er daga lengði, fór Sámr við annan mann --ok hafði þrjá hesta -- yfir brú ok þaðan yfir Mörudalsheiði oksvá yfir Jkulsá uppi á fjalli, svá til Mývatns, þaðan yfirFljótsheiði ok Ljósavatnsskarð ok létti eigi fyrr en hann kom vestr í Þorskafjrð. Er þar tekit vel við honum. Þá varÞorkell nýkominn út ór fr. Hann hafði verit utan fjóra vetr.

Sámr var þar viku ok hvíldi sik. Síðan segir hann þeimviðskipti þeira Hrafnkels ok beiðir þá brðr ásja ok liðsinnisenn sem fyrr.

Þorgeirr hafði meir svr fyrir þeim brðrum í þat sinni,kvazk fjarri sitja, -- 'er langt á milli vár. Þóttumsk vér allvel íhendr þér búa, áðr vér gengum frá, svá at þér hefði hgt veritat halda. Hefir þat farit eptir því, sem ek ætlaða, þá er þú gaftHrafnkeli líf, at þess mundir þú mest iðrask. Fýstum vit þik, at þú skyldir Hrafnkel af lífi taka, en þú vildir ráða. Er þat núauðsét, hvern vizkumunr ykkarr hefir orðit, er hann lét þik sitjaí friði ok leitaði þar fyrst á, er hann gat þann af ráðit, er honumþótti þér vera meiri maðr. Megum vit ekki hafa at þessugæfuleysi þitt. Er okkr ok ekki svá mikil fýst at deila við Hrafnkel, at vit nennim at leggja þar við virðing okkra optar.

En bjóða viljum vit þér hingat með skuldalið þitt allt undirokkarn áraburð, ef þér þykkir hér skapraunarminna en í nándHrafnkeli.

Sámr kvezk ekki því nenna, segisk vilja heim aptr ok það þá skipta hestum við sik. Var þat þegar til reiðu. Þeir brðrvildu gefa Sámi góðar gjafar, en hann vildi engar þiggja oksagði þá vera litla í skapi.

Reið Sámr heim við svá búit ok bjó þar til elli. Fekk hannaldri uppreist móti Hrafnkeli, meðan hann lifði.

En Hrafnkell sat í búi sínu ok helt virðingu sinni. Hann varðsótt dauðr, ok er haugr hans í Hrafnkelsdal út frá Aðalbóli. Varlagit í haug hjá honum mikit fé, herklæði hans ll ok spjót hansit góða.

Synir hans tóku við mannaforráði. Þórir bjó á Hrafnkels-stöum, en Ásbjrn á Aðalbóli. Báðir áttu þeir goðorðitsaman ok þóttu miklir menn fyrir sér.

Ok lýkr þar frá Hrafnkeli at segja.